

**From:** Árneshreppur [arneshreppur@arneshreppur.is](mailto:arneshreppur@arneshreppur.is)  
**Subject:** FW: RE: umsögn um frummatsskýrslu.  
**Date:** 30 January 2018 at 15:26  
**To:** [phb@adlib.is](mailto:phb@adlib.is)



Hérna er tölvupóstur frá VesturVerki til oddvita.  
Eva.

-----Original Message-----

**From:** [arneshreppur@arneshreppur.is](mailto:arneshreppur@arneshreppur.is) [<mailto:arneshreppur@arneshreppur.is>]  
**Sent:** 27. júlí 2016 17:28  
**To:** oddviti  
**Subject:** Fwd: RE: umsögn um frummatsskýrslu.

----- Original Message -----

**Subject:** RE: umsögn um frummatsskýrslu.  
**Date:** 26.07.2016 10:53  
**From:** "GunnarG" <[gunnar@vesturverk.is](mailto:gunnar@vesturverk.is)>  
**To:** 'Árneshreppur' <[arneshreppur@arneshreppur.is](mailto:arneshreppur@arneshreppur.is)>

Sæl Eva

Ég var að koma að norðan í gær. Við vorum uppi á heiði að setja út fastmerki fyrir ný kort af heiðinni og væntanlegar framkvæmdir. Vorum hálfnaðir með verkið þegar við gáfumst upp vegna þoku og bleytu.

Nú fórstu alveg með það Eva, ég veit ekki hvað skal segja varðandi umsögnina. Við erum að sjálfsgöðu viðkvæmastir fyrir neikvæðri umsögn sem varðar náttúrfur og vatnafar á virkjunarsvæðinu. Það er helst það sem gæti stöðvað okkur.

Umsögnin þarf ekki að vera mjög umfangsmikil uppá margar síður.

Tel auðveldast að kaflaskipta henni í samræmi við frummatsskýrsluna þó svo að þið fylgið ekki hverjum lið heldur takið þetta svona almennt. Ef þið hafið einhverjar athugasemdir sem þið teljið ekki falla að vilja hreppsnefndar þá verða þær að vera vel ígrundaðar og það verður að færa rök fyrir þeim svo að þær séu teknar til greina. Ég tel líka rétt að það jákvæða komi fram í umsögn um svona framkvæmdir, ekki bara það neikvæða.

Guðni Jóhannsson hefur sagt að ákvörðunin um afhendingarstað orkunnar verði tekin í ágúst og í síðasta lagi í september.

Hann sagði að þetta yrði staðsetti einhverstaðar á milli Rauðamýrar og Laugarbóls í Ísafirði.

Kveðja

Gunnar

**FROM:** Árneshreppur [<mailto:arneshreppur@arneshreppur.is>]  
**SENT:** 25. júlí 2016 14:49  
**TO:** Gunnar G <[gunnar@vesturverk.is](mailto:gunnar@vesturverk.is)>  
**SUBJECT:** umsögn um frummatsskýrslu.

Sæll Gunnar minn.

Nú fer að líða að því að hreppsnefnd þurfi að skila umsögn sinni um frummatsskýrsluna varðandi Hvalárvirkjun. Ég fékk send eintök af henni og viðaukum fyrir alla í hreppsnefnd og því vona ég að við komum öll sæmilega undirbúin til fundar þar sem við ákveðum hvernig umsögnin á að hljóða. Mér þætti mjög vænt um ef þú vildir senda mér einhverja punkta sem þú telur að sé gott að hafa með. Það getur verið strembið að vinna svona umsögn saman á fundi, svo að ég ætla að reyna að vera tilbúin með einhver drög að umsögn a.m.k.

Mikið vona ég að nú fari eitthvað að gerast í þessum málum, við þurfum MJÖG mikið á því að halda að einhvað jákvætt gerist hérna í sveitinni. Hefur þú eitthvað frétt af því hver staðan er með spennuvirkið í Djúpinu??

Bestu kveðjur frá Árneshreppi,

Eva S.

EVA SIGURBJÖRNSDÓTTIR

Oddviti

Árneshreppur

S: 451-4001